

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2015

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 82/2008 um almannavarnir (efling netöryggisveitar)

Viðskiptaráð þakkar innanríkisráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvarpsdrög. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um almannavarnir sem fela meðal annars í sér eflingu netöryggisveitar og flutning hennar frá Póst- og fjarskiptastofnun til ríkislögreglustjóra. Þá kveða frumvarpsdrögin á um álagningu svokallaðs netöryggisgjalds sem til stendur að leggja á ákveðnar tegundir fyrirtækja.

Viðskiptaráð telur rétt að starfsemi netöryggisveitar færist til ríkislögreglustjóra og tekur undir röksemdir sem settar eru fram í greinargerð hvað það varðar. Eins er það mat ráðsins að mikilvægt sé að treysta upplýsinga- og netöryggi hér á landi. Ráðið leggst hins vegar gegn því að ákveðinn hópur fyrirtækja standi straum af kostnaði sem af því kann að hljótask, líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum.

Að öðru leyti tekur Viðskiptaráð í meginatriðum undir þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpsdrögin.¹

Handahófskennd og íþyngjandi skattheimta

Í 2. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að sérstakt netöryggisgjald verði lagt á ákveðnar tegundir fyrirtækja, svonefnda rekstraraðila mikilvægra samfélagslegra innviða. Í þennan flokk fyrirtækja falla meðal annars fjarskiptafyrirtæki, raforkuver, hitaveitur, dreifiveitur, fjármálafyrirtæki og rekstraraðilar flugleiðsöguþjónustu. Samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpsdrögunum skal netöryggisgjaldið renna í ríkissjóð en ekki er um markaðar tekjur að ræða. Gjaldið er veltutengt og skal leggjast á bókfærða veltu framangreindra aðila og hvað fjármálafyrirtæki snertir er um að ræða skatt sambærilegan fjársýsluskatti sem lagður er á sama skattstofn. Viðskiptaráð telur breytinguna vera mjög íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem henni er ætlað að ná til.

Ráðið gerir einnig athugasemdir við ófullnægjandi rökstuðning fyrir álagningu gjaldsins í greinargerð með frumvarpsdrögunum.

¹ Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpsdrögin má nálgast á eftirfarandi slóð:
<http://www.sa.is/media/1835/umsoegn-um-netoeryggisgjald.pdf>

Það vekur athygli að í athugasemdum við 2. gr. skuli ekki greint frá því hvort skattheimta sem þessi eigi sér hliðstæðu á Norðurlöndunum eða hvort hún eigi sér yfir höfuð erlenda fyrirmynd. Í frumvarpsdrögum segir að flutningur sveitarinnar sé fyrsta skrefið í áætluðum breytingum svo starfsemin uppfylli alþjóðlegar kröfur, t.d. þær sem munu verða í væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins um net- og upplýsingaöryggi. Í drögum að framangreindri tilskipun er ekki að sjá að lagt sé upp með skattheimtu sem þessa.²

Þá er ekki skýrt frá því í greinargerð með frumvarpsdrögum hvers vegna rekstaraðilar mikilvægra samfélagslegra innviða eru skilgreindir með þeim hætti sem gert er í drögum. Skilgreining þeirra er ekki í samræmi við skilgreiningu slíkra aðila í áður nefndum tilskipunardrögum, en þar eru mun fleiri aðilar taldir upp.³

Enn fremur er það mat Viðskiptaráðs að áætluð fjárhæð innheimts netöryggisgjalds sé verulega vanáætluð, en í greinargerðinni kemur fram að áætlað sé að netöryggisgjaldið geti skilað um 180 milljónum króna árlega í ríkissjóð. Að mati Viðskiptaráðs er nauðsynlegt að kostnaður fyrirtækja af hinu nýja gjaldi verði metinn með nákvæmari hætti og slíkir útreikningar birtir opinberlega. Þá er rétt að benda á að þar sem ekki er um markaðan tekjustofn að ræða munu fjárveitingar til netöryggissveitarinnar ekki tengjast beint hinu nýja gjaldi. Þau munu ráðast af fjárlögum hvers árs. Að mati Viðskiptaráðs er skattlagning sem þessi afar ógagnsæ og til þess fallin að flækja skattkerfið og umsýslukostnað þess.

Eiga fyrirtæki að standa straum af kostnaði vegna almannavarna?

Loks telur Viðskiptaráð óeðlilegt að skattleggja ákveðinn hóp fyrirtækja sérstaklega til að tryggja öryggi samfélagsins í heild. Ógn vegna glæpastarfsemi á internetinu og óheimillar söfnunar og nýtingar upplýsinga beinist í eðli sínu gegn almenningi öllum og samfélaginu í heild.⁴ Að mati Viðskiptaráðs hníga engin rök til þess að umrædd fyrirtæki fjármagni eftirlit vegna slíkrar glæpastarfsemi með eftirlitsgjaldi. Starfsemi netöryggissveitar ætti að vera fjármögnuð með sama hætti og aðrar almannavarnir og löggæsla ríkisins. Leggst Viðskiptaráð því gegn innheimtu hins svokallaða netöryggisgjalds í þeirri mynd sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² Drög að væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins um net- og upplýsingaöryggi má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52013PC0048&from=EN>

³ Sjá viðauka II við drög að væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins.

⁴ Sjá umfjöllun um vaxandi ógn vegna glæpa og óheimillar söfnunar og nýtingar upplýsinga í stefnu um net- og upplýsingaöryggi. Stefnuna má nálgast á eftirfarandi slóð: http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/Netoryggisstefna_2015_april.pdf